

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla Víðimóum 3, Húsavík



Dags eftirlits	15.3.2012	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Heimili	Víðimóum 3	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrri eftirlit
Kennitala	7110012470	Flokkur	Úrgangur
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.22.0, 38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574850,759 614909,661

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik eru staðfest. Frávikin varða að ekki hefur verið staðfest af rekstraraðila að botnaska sé hæf til urðunar og fullnægjandi símæligögn hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var fundur með rekstraraðila og fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Á fundinum var samstarf hagsmunaaðila rætt og farið yfir reglur um meðhöndlun sláturúrgangs og dýraleifa.

Farið var yfir rekstur á olíuskiljum í stöðinni, viðhald hreinsivirkis, skráningar, mælingar í útblæstri, meðferð ösku, geymslu utandyra og stöðvun rekstrar með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum starfsleyfis.

Brennslustöð og umráðasvæði var skoðað í fylgd rekstraraðila.

Skyldubundnar mælingar voru gerðar 29. september 2011 og voru allir mældir þættir í lagi nema díoxín.

Frávik frá

Ákvæði 2.24 í starfsleyfi en samkvæmt því skal nota viðeigandi aðferðir til formeðhöndlun úrgangs ef nauðsyn krefur, og ösku, gjall og leðju frá brennslustöðinni skal endurnýta eða urða á stað sem til þess hefur starfsleyfi.

Lýsing á frávikum

Botnaska frá brennslustöðinni er urðuð í Laugardal. Ekki hefur verið staðfest af rekstraraðila hvort askan er hæf til urðunar á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang. Samkvæmt síðustu prófunum á botnösku frá stöðinni stóðst hún ekki kröfur sem gerðar eru til úrgangs sem heimilt er að urða á óvirkum urðunarstöðum sbr. ákvæði 2.1 í II. viðauka við reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs.

Ákvæðum 2.21 og 2.22 í starfsleyfi en samkvæmt þeim skal mæla samfellt tiltekin mengunarefni. Síamæligögnum skal skila til Umhverfisstofnunar árlega sbr. gr. 32 í reglugerð 739/2003.

Símæligögn sem borist hafa Umhverfisstofnun eru ófullnægjandi. Rekstraraðili vinnur að því í að taka saman síamæligögn í samráði við Umhverfisstofnun.

ATHUGASEMDIR

Útblástursmælingar voru gerðar þann 23. mars 2012 og þá var díoxín yfir mörkum og er verið að leita að ástæðu þess í samvinnu við Verkís.

Tekin voru 3 sýni af botnösku og eru þau í greiningu hjá Nýsköpunarmiðstöð, niðurstöðu er að vænta á næstu vikum. Rekstraraðili hefur verið í sambandi við Umhverfisstofnun varðandi tilhögun á síamælingum.

Reykjavík, 04.07.2012

Valur Klemensson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.